



Ræsting

Viðmið í útboðsferlum ríkisins

Stjórnarráð Íslands

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Útgefandi:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Ræsting – Viðmið í útboðsferlum ríkisins

2026

postur@fjr.is

fjr.is

Umbrot og textavinnsla:

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

©2026 Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Undirbúningur útboða.....	5
2. Í útboðsferli	6
3. Á samningstíma.....	7
4. Viðauki – drög að yfirlýsingu bjóðanda.....	8

Inngangur

Útvistun verkefna er viðvarandi þáttur í rekstri ríkisins. Tilgangur viðmiða um sérhæfð þjónustukaup ræstingarþjónustu er að auka hvata til að fjármunum almennings sé varið á samfélagslega ábyrgan hátt, og að stuðla að auknu gagnsæi, samræmi og gæðum við framkvæmd þeirra útboða.


Viðmiðin eiga jafnframt að styðja við heilbrigða samkeppni á markaði og tryggja að tilboð byggist á raunhæfum forsendum og taki tillit til kjarasamninga viðeigandi starfsfólks.

Drögin byggja á víðtæku samráði við hagsmunaaðila, þar á meðal Eflingu, Starfsgreinasamband Íslands (SGS) og önnur stéttarfélög, verkkaupa og sérfræðinga á sviði opinberra innkaupa. Við undirbúning þeirra hefur jafnframt verið horft til reynslu bæði héraðs og erlendis og til ábendinga starfshóps Samtaka atvinnulífsins, fyrir hönd fyrirtækja í ræstingarþjónustu, SGS og Eflingar um æskilegar útboðsaðferðir ræstingarþjónustu.

Viðmiðin byggjast á þremur meginstoðum:

1. uppmælingu stærri verkefna áður en útboð fara fram,
2. yfirlýsingu bjóðanda um að virða réttindi starfsfólks,
3. skýrari viðmiðum um framkvæmd, eftirfylgni og viðbrögð við frávikum á samningstíma.

Viðmiðin eru tilmæli í ræstingarútboðum ríkisins en aðrir aðilar sem falla undir lög um opinber innkaup, nr. 120/2016, geta nýtt viðmiðin.



Byggt á mynd OECD: „The procurement cycle and the OECD due diligence steps“.

1. Undirbúningur útboða

Óeðlilega lág tilboð og undirbúningur kostnaðaráætlunar

Lög um opinber innkaup kveða á um meðhöndlun á óeðlilega lágum tilboðum.

Mikilvægt er að kaupendur hafi kostnaðaráætlanir byggðar á þeim samningskröfum sem þeir hafa sjálfir sett og á þeim kjarasamningsbundnu kjörum sem ræstingarstarfsfólk á rétt á.

Með uppmælingu sem liggur til grundvallar áður en tilboð eru opnuð getur kaupandi betur glöggvað sig á þeim tilboðum sem uppfylli ekki ákvæði kjarasamninga og löggjafar um vinnuvernd eða vinnuskilyrði á staðnum þar sem þjónustan á sér stað. **Skylda er að vísa frá óeðlilega lágum tilboðum** sem eru ekki í samræmi við gildandi kjarasamninga. Við það verður öll samkeppnisumgjörðin sanngjarnari og betur staðið vörð um réttindi starfsfólks og hagsmuni bjóðenda til lengri tíma.

Hvað er uppmæling?

Uppmælingar byggja á vinnurannsóknnum sem hafa það að markmiði að finna einföldustu og hagkvæmustu vinnuaðferðina við framkvæmd tiltekins verks og ennfremur að ljúka verkinu á sem stystum tíma. Niðurstöður uppmælinga í ræstingum gefa til kynna **hversu langan tíma það tekur að lágmarki** að ræsta tiltekið svæði við eðlilegan vinnuhraða og leggja þar með grunninn að þeim tímaeiningum sem notaðar eru við útreikninga kostnaðarmats. Það liggur svo til grundvallar mati á því **hvaða tilboð séu óeðlilega lág miðað við umbeðna þjónustu og kjarasamningsbundin kjör**.

- Viðmið ríkisins er að öll útboðsverkefni með **yfir 1000 fm** skulu láta framkvæma uppmælingu hjá óháðum aðilum á grundvelli tíðnitöflu og útboðslýsingar og hafi þau gögn tiltæk á opnunardeg tilboða sem svokallað „gólf“ kostnaðaráætlunar. Tilboð undir þeirri kostnaðaráætlun skulu meðhöndluð samkvæmt lögum um opinber innkaup sem óeðlilega lág tilboð.

Starfsgreinasambandið og Fjársýsla ríkisins geta veitt nánari upplýsingar um óháða uppmælingaraðila. Í minni verkefnum má nýta almennar upplýsingar úr uppmælingum sambærilegrar starfsemi til að glöggva sig á eðli tilboða.

Tímalínur samninga

Tímalínur skipta máli hvort sem um er að ræða ný verkefni eða endurútboð. Við endurútboð skulu niðurstöður útboða skulu liggja fyrir að **lágmarki þremur mánuðum** fyrir fyrirhugaðan upphafstíma til að gera ráð fyrir lögbundnum uppsagnarfresti fyrri samningsaðila. Umskipti milli birgja eða upphafsdagur samninga **skulu ekki vera á áramótum** eða á öðrum lögbundnum frídögum. Í stærri nýjum verkefnum skal jafnframt **litið til hæfilegs ráðningar-** og þjálfunartíma áður en samningur tekur gildi (1-2 mánuðir).

2. Í útboðsferli

Yfirlýsing vegna þjónustuveitingar

Birgjar skili inn **yfirlýsingu vegna þjónustuveitingar** með tilboðum sínum. Við mat tilboða mun kaupandi leita staðfestingar hjá viðkomandi stéttarfélögum að þau hafi ekki athugasemdir við yfirlýsingu þess birgja sem á hagkvæmasta gilda tilboðið.

Drög að texta slíkrar yfirlýsingar er í viðauka.

Kaupendur skuli óska eftir staðfestingu viðkomandi stéttarfélaga um að þau hafi ekki athugasemdir við yfirlýsingu birgja. Fáist ekki staðfesting eða upplýsingar um efnislegar athugasemdir þá mun kaupandi vinna úr því skv. lögum um opinber innkaup.

Litið er til þess í þessum viðmiðum að það sé ekki óhóflega íþyngjandi fyrir birgja, stéttarfélög eða kaupendur að óska eftir yfirlýsingu birgja í innsendum gögnum í tilboðsgerð, og að einungis þeir birgjar með hagkvæmasta gilda tilboðið sem koma að öðru leyti til greina fari í staðfestingarferli viðkomandi stéttarfélaga sem ekki skuli taka lengri tíma en 2 vikur.

Viðmið ríkisins er að kaupandi **skuli beita heimild** laga um opinber innkaup til að hafna samningagerð við þá bjóðendur sem sýnt er fram á að uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt eigin yfirlýsingu.

Verkhraði

Útboðsgögn og innsend tilboð skulu alla jafna vera **nægilega gagnsæ á boðinn fjölda starfsmanna** og tryggja með því nægilegar upplýsingar til að ákvæði kjarasamninga varðandi **vinnutakt og afkastakröfur** geti verið virt. Færri starfsmenn eða möguleiki á auknum verkhraða starfsmanna á að skila sér í viðeigandi viðbótargreiðslum til starfsmanna og óski viðkomandi stéttarfélag eftir upplýsingum um boðinn fjölda starfsmanna í samningi skal kaupandi verða við því.

3. Á samningstíma

Staðfesting stéttarfélaga

Áður en samningur er endurnýjaður skv. endurnýjunarákvæðum skal kaupandi endurnýja staðfestingar stéttarfélaga og annarra viðeigandi aðila á upphaflegri yfirlýsingu birgja og vinna úr þeim gögnum skv. lögum um opinber innkaup og viðmiðum þessum.

Almenn önnur viðmið varðandi samningsákvæði:

- Uppsagnarákvæði skal vera til staðar vegna viðeigandi brota á ákvæðum yfirlýsingar á samningstíma.
- Verktrygging er almennt óþörf í þjónustukaupum þegar ekki er um stóran skiptikostnað að ræða milli birgja. Kvaðir um verktryggingu ættu því alla jafna að vera óþarfar.
- Verðbreytingarákvæði geta verið með beinni vísan í þá kjarasamninga sem um viðskiptin gilda í stað tengingar við launavísitölu. Sérstaklega þegar samið er um krónutöluhækkanir á lægstu laun ná almennar launavísitölur ekki endilega markmiðum um eðlilega áhættudreifingu kostnaðarauka vegna kjarasamningsviðræðna á samningstíma. Sömuleiðis á launabreyting annarra stétta ekki endilega við.
- Fyrir stærri verkefni þar sem fleiri en tíu starfsmenn í fullu starfi munu starfa á tengdum svæðum eða húsum í nálægð skal kaupandi vísa sérstaklega í reglugerð 920/2006 og skilgreina tengd svæði sem sjálfstæða starfseiningu sbr. 7. gr. þeirrar reglugerðar. Við það munu starfsmenn geta nýtt sér lögbundið vinnuverndarstarf og kjósa öryggistrúnaðarmann/menn. Kaupandi skal í þeim tilvikum tryggja viðeigandi upplýsingasamskipti við birgja og öryggistrúnaðarmenn til að tryggja samtal um sameiginleg vinnuverndarmarkmið.
- Kaupendur skulu kynna sér ákvæði um framkvæmd félagslegrar réttindagæslu og tryggja í samningsgögnum aðgengi að viðeigandi gögnum og sömuleiðis viðeigandi aðgengi (með tilliti til starfsemi) að starfsfólki á þjónustusvæðum.
- Keðjuábyrgð getur átt við í þjónustukaupum. Kaupandi skal setja inn viðeigandi orðalag í útboðsgögn sem gildi á samningstíma.

4. Viðauki – drög að yfirlýsingu bjóðanda

Yfirlýsing vegna þjónustuveitingar

Yfirlýsing þessi er lögð fram vegna þátttöku í opinberu innkaupaferli samkvæmt lögum um opinber innkaup, nr. 120/2016.

Undirrituð/undirritaður, fyrir hönd bjóðanda, staðfestir hér með að bjóðandi:

- Uppfylli skyldur sínar samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningum um starfskjör starfsfólks sem kemur að framkvæmd samningsins,
- Hafi staðið skil á launum og lögbundnum gjöldum þeim tengdum, þ.m.t. lífeyrissjóðsiðgjöldum og stéttarfélagsgjöldum,
- Hafi ekki gerst sekur um alvarleg eða ítrekuð brot gegn lögum og reglum á sviði vinnuréttar eða félagslegra réttinda sem leitt geta til útilokunar samkvæmt lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Bjóðandi skuldbindur sig til að tryggja að allir starfsmenn sem koma að framkvæmd samningsins, hvort sem þeir eru starfsmenn bjóðanda, undirvertaka eða starfsmannaleiga, njóti launa, starfskjara, trygginga og annarra réttinda í samræmi við gildandi lög og kjarasamninga.

Bjóðandi samþykkir jafnframt að kaupandi geti aflað upplýsinga eða staðfestinga frá viðeigandi stéttarfélögum, opinberum eftirlitsaðilum eða öðrum viðeigandi aðilum um hvort framangreindum skyldum sé fullnægt á meðan mat á tilboði stendur yfir og/eða á gildistíma þjónustusamnings.

Bjóðanda er kunnugt um að:

- Kaupanda getur verið heimilt að hafna samningsgerð við bjóðanda sem boðið hefur fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið ef sýnt er fram á að bjóðandi uppfylli ekki skyldur sínar samkvæmt kjarasamningum, sbr. 3. mgr. 66. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup,
- Fyrirtæki getur sætt útilokun frá þátttöku í innkaupaferli hafi það brotið gegn reglum á sviði umhverfis-, félagsmála- eða vinnuréttar, sbr. a-lið 6. mgr. 68. gr. sömu laga.

Staður, dags.

f.h. bjóðanda

